

BRÝNIÐ



10 árg. 1. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Febr.2005

Frá formanni:

Aðalfundur félagsins var haldinn 23 nóvember sl. Aðalfundarstörf voru með hefðbundnum hætti. Það kom fram í skýrslu stjórnar að á árinu hefði verið staðið fyrir fræðslufundi um ævi og útskurðarverk Bólu-Hjálmars. Myndbandskvöld var haldið, þar sem sýnd voru myndbönd og útskurðarbækur sem félagar komu með. Sýning á listaverkum félagsmanna var í tengibyggingu safnaðarheimilis Háteigskirkju. Heiðursgestur sýningarinnar var að þessu sinni Matthias Andrésson. Þá var Halldóri Vilhelmssyni þökkuð vel unnin störf fyrir að gera íslenskar teikningar aðgengilegar, teikningar munstra sem m.a. eru varðveitt á munum í Þjóðmynjasafni og víðar. Þetta er án efa mikill fengur fyrir tréskurðarmenn að fá þessar gömlu munstur teiknuð og vel útfærð fyrir tréskurð. Einnig voru teikningar eftir Elsu Þóru Eggertsdóttur keyptar ásamt nokkrum öðrum teikningum frá Noregi. Þessar teikningar voru allar til sýnis á aðalfundi en hægt er að fá þær lánaðar hjá undirrituðum, gegn leigugjaldi og tryggingu. Rekstrarreikningur félagsins var lagður fram og sýndi hann góða afkomu félagsins. Tekjur voru kr. 145.609,-. Gjöld voru kr. 228.084,- sem mynduðust vegna kaupa á gestabók, teiknivinnu og teikningum. Peningar í árslok voru kr. 475.478,-. Þar fyrir utan á félagið myndbönd, bækur og teikningar sem gerð var grein fyrir sérstaklega. Stjórnarkjör fór fram skv. Lögum félagsins. Að þessu sinni gaf formaður Vilhjálmur G. Siggeirsson ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Hann hefur gengt starfi formanns óslitið síðustu sex árin með miklum sóma og dugnaði, verið ávalt ötull við að gera hlut félagsins sem mestan og glæstan, var honum þökkuð vel unnin störf með lófaklappi. Við starfi formanns tók undirritaður, þegar sýnt þótti að enginn annar nærstaddur var tilleiðanlegur til starfsins en þó aðeins fyrir yfirstandandi starfsár. Sigurjón Gunnarsson kom nýr inn og er hann boðinn velkominn. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og er það mikill fengur fyrir félagið að hafa þetta ágæta fólk áfram í forustunni.

Framundan er ferð í Þjóðmynjasafnið, sérstakur fundur um Höfðaletur og síðast en ekki síst, vorsýning félagsmanna. Í gangi er teiknisamkeppni sem er mjög áhugaverð og ætti að ýta undir sköpunargleði tréskurðarmanna. Að ári verður félagið 10 ára og í því tilefni verður efnt til veglegrar sýningar á verkum tréskurðarmanna. Formaður hefur sótt um sýningaaðstöðu í Ráðhúsi Reykjavíkur, en nánar verður fjallað um þá sýningu síðar og nefndarmenn kynntir.

Það er von formanns og vissa að komandi ár verði tréskurðarmönnum gjöfult og að félagar taki sem mestan þátt í starfinu, með huga og kuta á lofti. Með tréskurðarkveðju, Friðgeir Guðmundsson.

Dagskrá vormisseris:

Febrúar: Ferð á Þjóðmynjasafnið. Laugardaginn 19. febrúar kl. 13:30 hittumst við í anddyri Þjóðmynjasafnsins. Við fáum kynningarfyrirlestur um útskurð safnsins og síðan fylgd um safnið.

Mars: Höfðaletur. Þór Magnússon fyrrverandi Þjóðmynjavörður flytur fyrirlestur um Höfðaletur þriðjudaginn 15 mars kl. 20:00 í hornstofu Heimilisiðanaðarfélags Íslands að Laufásvegi 2

Apríl/Maí: Vorsýning félagsins, helgina 30 apríl – 1 maí, í safnaðarheimili Háteigskirju. Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í sýningunni. Nánar í næsta blaði.

Félagsgjöldin

Með þessu fréttabréfi eru sendir út innheimtuseðlar félagsgjalda fyrir 2004-2005. Eru félagsmenn hvattir til að standa skil á félagsgjaldinu við fyrsta tækifæri, en félagsgjaldið er óbreytt frá fyrra ári kr. 1500,-.

Stjórn félagsins:


Friðgeir Guðmundsson, formaður, sími:5546775 – 8639395
Bjarni Þór Kristjánsson, varaformaður, sími: 5684654 – 6976294
Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, sími: 5656122 – 8989619
Guðmundur K. Guðfinnsson, ritari, sími: 5668157 – 8541257
Sigurjón Gunnarsson, meðstjórnandi, sími: 5578212 – 8995716
Örn Sigurðsson, meðstjórnandi, sími: 8488659

Í ritnefnd Brýnisins eru:

Anna Lilja Jónsdóttir, sími: 5538253 – 8648253
Ingólfur Sigurjónsson, sími: 6602543
Sigurjón Gunnarsson, sími: 5578212 – 8995716

Í sýningarnefnd eru:

Bjarni Þór Kristjánsson, sími: 5684654 – 6976294
Halldór Vilhelmsson, sími: 5656122 – 8989619
Jón Vilhelmsson, sími: 5657962
Örn Sigurðsson, sími: 8488659



Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Melalind 12,
201 Kópavogur
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>